



## BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2013 og 2014

**2014**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2013 og 2014. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu níu mánuði áráanna 2013 og 2014.

### **Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 6,6% á fyrstu 9 mánuðum ársins 2014 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga var 6.796 á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, en 6.373 fyrir sama tímabil árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 7,2% en fjölgunin var 5,5% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar fyrstu níu mánuði ársins 2014 voru vegna vanrækslu eða 40,1% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar vegna vanrækslu fyrir sama tímabil árið á undan var 36,5% af heildarfjölda tilkynninga. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 22,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, en 26,6% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar var 37,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, en 36,2% fyrir sama tímabil árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu lækkaði úr 0,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 í 0,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2013.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 10,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, en 9,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2013. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,3% á fyrstu níu mánuðum bæði árin.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 var 5.475 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 5.221 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferð fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir um Stuðla voru 33 fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 27 fyrstu níu mánuði árið á undan. Umsóknir um meðferðarheimili voru 24 fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 19 fyrir sama tímabil árið á undan. Alls bárust 64 umsókn um MST fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 57 fyrir sama tímabil árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölpættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.

Flestar umsóknir um Stuðla og meðferðarheimili voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 67,2% umsókna fyrir Stuðla og 66,7% fyrir meðferðarheimili. Árið á undan var hlutfall umsókna frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur 48,1% fyrir Stuðla og 63,1% fyrir meðferðarheimili. Hlutfall umsókna um MST frá Reykjavík var 40,6% fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 59,4% umsókna var frá nefndum í nágrenni Reykjavíkur, en þjónustusvæði MST nær yfir 60-90 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Fleiri umsóknir um Stuðla, meðferðarheimili og MST bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu níu mánuðina bæði árin.

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði úr 98 í 92 á umræddu tímabili. Flestar beiðnir fyrstu níu mánuði ársins 2014 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 60,9% umsókna, en 39,1% beiðna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri beiðnir bárust fyrir stúlkur fyrstu níu mánuði ársins 2014, en fleiri fyrir drengi fyrir sama tímabil árið á undan.

Í Barnahúsi fækkaði rannsóknarviðtölum úr 198 fyrstu níu mánuði ársins 2013 í 151 fyrstu níu mánuði ársins 2014. Skýrslutökum fækkaði úr 78 á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 í 48 fyrir sama tímabil árið 2014 en könnunarviðtölum fækkaði úr 120 í 103 milli ára. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 67,5% fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 72,7 fyrir sama tímabil árið á undan.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 141 á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, en 157 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 1.148 í 886. Fjöldi einstaklinga var 71 fyrstu níu mánuði ársins 2014, en 67 fyrir sama tímabil árið á undan og voru fleiri drengir vistaðir en stúlkur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 50 fyrstu níu mánuði ársins 2014 en 53 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

## Tilkynningar til barnaverndarnefnda

### Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	2.861	44,9	3.059	45,0
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	37	0,6	31	0,5
Barnavernd Kópavogs	529	8,3	595	8,8
Fjölskylduráð Garðabæjar	145	2,3	171	2,5
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	615	9,7	634	9,3
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	494	7,8	394	5,8
Fjölskylduráð Grindavíkur	62	1,0	74	1,1
Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	179	2,8	238	3,5
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	143	2,2	150	2,2
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	120	1,9	134	2,0
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	33	0,5	83	1,2
Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga	14	0,2	32	0,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	101	1,6	157	2,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	4	0,1	8	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	34	0,5	13	0,1
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	39	0,6	63	0,9
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	19	0,3	15	0,2
Barnaverndarnefnd Útey	56	0,9	47	0,7
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	292	4,6	272	4,0
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	51	0,8	94	1,4
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	45	0,7	85	1,3
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	63	1,0	83	1,2
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	25	0,4	34	0,5
Félagsmálanefnd Árborgar	146	2,3	159	2,3
Velferðarnefnd Árnesþings	92	1,4	50	0,7
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	37	0,6	41	0,6
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	137	2,1	80	1,2
<b>Samtals</b>	<b>6.373</b>	<b>100,0</b>	<b>6.796</b>	<b>100,0</b>

### Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.470	54,4	3.806	56,0
Stúlkur	2.863	44,9	2.957	43,5
Ekki vitað <sup>1</sup>	40	0,6	33	0,5
<b>Samtals</b>	<b>6.373</b>	<b>100,0</b>	<b>6.796</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	4.330	67,9	4.640	68,3
Landsbyggð	2.043	32,1	2.156	31,7
<b>Samtals</b>	<b>6.373</b>	<b>100,0</b>	<b>6.796</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um<sup>1</sup>

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	2.165	41,5	2.356	43,0
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	32	0,6	27	0,5
Barnavernd Kópavogs	452	8,7	496	9,1
Fjölskylduráð Garðabæjar	132	2,5	145	2,6
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	531	10,2	556	10,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	412	7,9	323	5,9
Fjölskylduráð Grindavíkur	50	1,0	64	1,2
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	142	2,7	162	3,0
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	122	2,3	116	2,1
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	102	2,0	102	1,9
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	14	0,3	30	0,5
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	95	1,8	126	2,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	4	0,1	7	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	33	0,6	12	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	33	0,6	39	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	19	0,4	14	0,3
Barnaverndarnefnd Útey	56	1,1	47	0,9
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	263	5,0	241	4,4
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	50	1,0	70	1,3
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	41	0,8	75	1,4
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	62	1,2	68	1,2
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	20	0,4	32	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	140	2,7	140	2,6
Velferðarnefnd Árnesþings	86	1,6	45	0,8
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	31	0,6	39	0,7
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	108	2,1	70	1,3
<b>Samtals</b>	<b>5.221</b>	<b>100,0</b>	<b>5.475</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.816	53,9	3.034	55,4
Stúlkur	2.378	45,5	2.426	44,3
Ekki vitað <sup>1</sup>	27	0,5	15	0,3
<b>Samtals</b>	<b>5.221</b>	<b>100,0</b>	<b>5.475</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði <sup>1</sup>	3.434	65,8	3.696	67,5
Landsbyggð	1.787	34,2	1.779	32,5
<b>Samtals</b>	<b>5.221</b>	<b>100,0</b>	<b>5.475</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>	Fjöldi	Hlutfall <sup>1</sup>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	3.507	67,2	3.657	66,8
Drengir	1.788	51,0	1.887	51,6
Stúlkur	1.694	48,3	1.748	47,8
Ekki vitað <sup>2</sup>	25	0,7	22	0,6
Þar af nýjar kannanir	1.813	34,7	1.882	34,4
Drengir	874	48,2	972	51,6
Stúlkur	928	51,2	892	47,4
Ekki vitað <sup>2</sup>	11	0,6	18	1,0

<sup>1</sup>Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga<sup>1</sup>

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>2.325</b>	<b>36,5</b>	<b>2.726</b>	<b>40,1</b>
<i>Drengir</i>	1.149	18,0	1.378	20,3
<i>Stúlkur</i>	1.176	18,5	1.348	19,8
Líkamleg vanræksla	183	2,9	174	2,6
<i>Drengir</i>	84	1,3	98	1,4
<i>Stúlkur</i>	99	1,6	76	1,1
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.943	30,5	2.217	32,6
<i>Drengir</i>	986	15,5	1.124	16,5
<i>Stúlkur</i>	957	15,0	1.093	16,1
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	589	9,2	727	10,7
<i>Drengir</i>	276	4,3	359	5,3
<i>Stúlkur</i>	313	4,9	368	5,4
Vanræksla varðandi nám	104	1,6	127	1,9
<i>Drengir</i>	48	0,8	70	1,0
<i>Stúlkur</i>	56	0,9	57	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	205	3,2	330	4,9
<i>Drengir</i>	94	1,5	157	2,3
<i>Stúlkur</i>	111	1,7	173	2,5
<b>Ofbeldi</b>	<b>1.697</b>	<b>26,6</b>	<b>1.507</b>	<b>22,2</b>
<i>Drengir</i>	771	12,1	695	10,2
<i>Stúlkur</i>	926	14,5	812	11,9
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	881	13,8	822	12,1
<i>Drengir</i>	416	6,5	399	5,9
<i>Stúlkur</i>	465	7,3	423	6,2
þar af heimilisofbeldi	339	5,3	362	5,3
<i>Drengir</i>	163	2,6	187	2,8
<i>Stúlkur</i>	176	2,8	175	2,6
Líkamlegt ofbeldi	388	6,1	343	5,0
<i>Drengir</i>	218	3,4	198	2,9
<i>Stúlkur</i>	170	2,7	145	2,1
Kynferðislegt ofbeldi	457	7,2	345	5,1
<i>Drengir</i>	146	2,3	102	1,5
<i>Stúlkur</i>	311	4,9	243	3,6



<b>Áhættuhegðun</b>	<b>2.305</b>	<b>36,2</b>	<b>2.524</b>	<b>37,1</b>
<i>Drengir</i>	1.550	24,3	1.733	25,5
<i>Stúlkur</i>	755	11,8	791	11,6
Neysla barns á vímuefnum	430	6,7	469	6,9
<i>Drengir</i>	277	4,3	304	4,5
<i>Stúlkur</i>	153	2,4	165	2,4
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	832	13,1	1.035	15,2
<i>Drengir</i>	474	7,4	657	9,7
<i>Stúlkur</i>	358	5,6	378	5,6
Afbrot barns	761	11,9	705	10,4
<i>Drengir</i>	586	9,2	515	7,6
<i>Stúlkur</i>	175	2,7	190	2,8
Barn beitir ofbeldi	249	3,9	275	4,0
<i>Drengir</i>	203	3,2	226	3,3
<i>Stúlkur</i>	46	0,7	49	0,7
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	113	1,8	110	1,6
<i>Drengir</i>	62	1,0	59	0,9
<i>Stúlkur</i>	51	0,8	51	0,8
<b>Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu</b>	<b>46</b>	<b>0,7</b>	<b>39</b>	<b>0,6</b>
<b>Tilkynningar alls</b>	<b>6.373</b>	<b>100,0</b>	<b>6.796</b>	<b>100,0</b>
<b>Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu<sup>2</sup></b>	<b>170</b>	<b>100,0</b>	<b>171</b>	<b>100,0</b>
<i>Drengir</i>	86	50,6	78	45,6
<i>Stúlkur</i>	83	48,8	93	54,4
<i>Ekki vitað<sup>3</sup></i>	1	0,6	0	0,0

<sup>1</sup>Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

<sup>2</sup>Að mati tilkynnanda

<sup>3</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	41	0,6	37	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	349	5,5	452	6,7
Nágrannar	580	9,1	510	7,5
Önnur barnaverndarnefnd	183	2,9	147	2,2
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	150	2,4	197	2,9
Lögregla	2.757	43,3	3.081	45,3
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	651	10,2	623	9,2
Leikskóli/gæsluforeldri	126	2,0	127	1,9
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	553	8,7	617	9,1
Foreldrar barns	557	8,7	543	8,0
Aðrir	426	6,7	462	6,8
<b>Samtals</b>	<b>6.373</b>	<b>100,0</b>	<b>6.796</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um meðferð

### Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	27	26,2	33	27,3
Langtímameðferð	19	18,4	24	19,8
MST	57	55,3	64	52,9
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>100,0</b>	<b>121</b>	<b>100,0</b>

### Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	9	33,3	13	39,4
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	4	14,8	11	33,3
Landsbyggð	14	51,9	9	27,3
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>	<b>33</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	5	26,3	12	50,0
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	7	36,8	4	16,7
Landsbyggð	7	36,8	8	33,3
<b>Samtals</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>	<b>24</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	24	42,1	26	40,6
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	33	57,9	38	59,4
<b>Samtals</b>	<b>57</b>	<b>100,0</b>	<b>64</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Þjónustuvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

### Kyn barna sem sótt er um meðferð á Stuðlum fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	17	63,0	25	75,8
Stúlkur	10	37,0	8	24,2
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>100,0</b>	<b>33</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna sem sótt er um meðferð á meðferðarheimili fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	63,2	15	62,5
Stúlkur	7	36,8	9	37,5
<b>Samtals</b>	<b>19</b>	<b>100,0</b>	<b>24</b>	<b>100,0</b>

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	34	59,6	35	54,7
Stúlkur	23	40,4	29	45,3
<b>Samtals</b>	<b>57</b>	<b>100,0</b>	<b>64</b>	<b>100,0</b>

## Beiðnir um fósturheimili

### Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	68	69,4	63	68,5
Varanlegt	12	12,2	16	17,4
Styrkt	18	18,4	13	14,1
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>	<b>92</b>	<b>100,0</b>

### Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	35	35,7	35	38,1
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	26	26,5	21	22,8
Landsbyggð	37	37,8	36	39,1
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>	<b>92</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	54	55,1	44	47,8
Stúlkur	44	44,9	48	52,2
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>100,0</b>	<b>92</b>	<b>100,0</b>

## Þjónusta í Barnahúsi

### Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 9 mán.		Fyrstu 9 mán.	
	2013		2014	
	Fjöldi		Fjöldi	
Rannsóknarviðtöl	198		151	
a. Skýrslutökur	78		48	
b. Könnunarviðtöl	120		103	
Greiningar- og meðferðarviðtöl	63		95	
Læknisskoðanir <sup>1</sup>	17		9	

<sup>1</sup>Læknisskoðanir í Barnahúsi féllu niður frá maí 2014 vegna breytinga hjá Barnahúsi

### Kyn barna í Barnahúsi<sup>1</sup>

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	54	27,3	49	32,5
Stúlkur	144	72,7	102	67,5
<b>Samtals</b>	<b>198</b>	<b>100,0</b>	<b>151</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

## Neyðarvistun á Stuðlum

### Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 9 mán.		Fyrstu 9 mán.	
	2013		2014	
	Fjöldi		Fjöldi	
Fjöldi vistana	157		141	
Vistunardagar	1.148		886	
Fjöldi einstaklinga	67		71	

### Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	44	65,7	43	60,6
Stúlkur	23	34,3	28	39,4
<b>Samtals</b>	<b>67</b>	<b>100,0</b>	<b>71</b>	<b>100,0</b>

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 9 mán. 2013		Fyrstu 9 mán. 2014	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	33	62,3	24	48,0
Vesturland	1	1,9	3	6,0
Vestfirðir	3	5,7	2	4,0
Norðurland	4	7,5	7	14,0
Austurland	2	3,8	2	4,0
Suðurland	4	7,5	5	10,0
Reykjanes	6	11,3	7	14,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>53</b>	<b>100,0</b>	<b>50</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.